

## Leiðbeiningar Heilbrigðisnefndar Suðurlands

### um hreinsun fráveitu frá stakstæðum húsum á verndarsvæði Þingvallavatns

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 891/2021 um breytingu á reglugerð nr. 650/2006 um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns er kveðið á um þær kröfur sem hreinsun skólps frá íbúðar- og frístundahúsum skal uppfylla. Almenna krafan til hreinsunar fráveituvatns frá stökum húsum skv. ákvæðum rgl. 798/1999 er tveggja þrepa hreinsun. Algengasta útfærslan á tveggja þrepa hreinsun er þriggja hólfa rotþró með siturlögn (sjá leiðbeiningar UST um rotþrær og siturlagnir: [UST\\_Rotthraer\\_og\\_siturlagnir.pdf](#)).

Í rgl. 891/2021 er hins vegar kveðið á um að skólþ skuli hreinsað samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ og fyrirmælum Heilbrigðisnefndar Suðurlands og að taka skuli mið af aðstæðum á hverjum stað m.t.t. verndunar vatnasviðs- og lífríkis vatnsins, svo sem landgerð og nálægð við vatnið.

#### Hvaða fráveitulausnir henta hvar?

Í öllum tilvikum er nauðsynlegt að afla fyrirmæla og leiðbeininga frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands áður en hafist er handa við að setja niður ný fráveitumannvirki eða endurnýja gömul, því ýmsar land- og jarðfræðilegar aðstæður geta kallað á aðrar aðferðir við hreinsun fráveituvatns en þessar hefðbundnu. Því þarf að skoða vel og meta hvaða fráveitulausnir eru fullnægjandi í hverju tilviki fyrir sig.

Almennt má gera ráð fyrir að hefðbundnar tveggja þrepa fráveitulausnir, þ.e. þriggja hólfa rotþró með siturlögn eða sambærilegar lausnir, séu fullnægjandi til að hreinsa fráveituvatn frá stökum húsum innan verndarsvæðis Þingvallavatns þegar öll eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- a) fjarlægð að vatnsbakka er meiri en 50 m,
- b) jarðvegur er djúpur og hentugur viðtaki,
- c) langt er niður á grunnvatn,
- d) landrymi nægjanlegt og
- e) aðgengi að fráveitumannvirkjum til tæmingar og viðhalds er gott.

Þær aðstæður sem kalla á aðrar lausnir en þær hefðbundnu eru t.a.m. þegar hús er staðsett

- a) innan 50 m frá vatnsbakka<sup>1</sup> og/eða
- b) þar sem lítið sem ekkert rúm er fyrir hefbundið hreinsivirki vegna halla, tjágróðurs, kletta, hrauns eða annars
- c) þar sem jarðvegur er mjög grunnur/sendinn og mjög stutt er niður á klöpp, hraun eða grunnvatn, ekki er hægt að tryggja fullnægjandi fjarlægð frá næsta vatnsbóli og/eða
- d) þannig að mjög erfitt eða ómögulegt er að komast að með dælubíl til reglubundinnar tæmingar rotþróar.

---

<sup>1</sup> Í gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um skipulag við vötn, ár og sjó:

„Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Við þessar aðstæður skulu hús vera með þurrsalerni, brennslusalerni eða aðrar sambærilegar lausnir sem losa ekkert svartvatn<sup>2</sup>. Grávatn<sup>3</sup> skal leitt í jöfnunarbrunn og í sér dreifilögn sem lögð er eftir atvikum í jarðveg eða yfir malarbeð.

Í öðrum tilvikum getur t.a.m. þurft að byggja upp siturbeð, nota síubúnað sem tekur ekki jafn mikið rými og hefðbundnar siturlagnir eða nota sambyggðar hreinsistöðvar.

Fráveitubúnað skal endurnýja/uppfæra eftir því sem við á í takt við breytingar á notkun, endurnýjun og/eða stækkun húsa. Viðbótar hreinsibúnað má eftir atvikum setja upp fyrir framan eða aftan núverandi búnað, en slíkt skal útfæra í hönnun fráveitumannvirkis hverju sinni.

### **Hvað má fara í rotþró/hreinsivirki?**

Í rotþró skal aðeins fara frárennsli frá salernum, eldhúsvaski og þvottahúsvaski.

### **Hvað má ekki fara í rotþró/hreinsivirki?**

Frárennsli frá ofnakerfi, sturtu, baði, handlaug og heitum potti skal leiða framhjá rotþró í jöfnunarbrunn og þaðan í sér dreifilögn sem lögð er eftir atvikum í jarðveg eða yfir malarbeð.

Regnvatn skal ekki leiða í fráveitumannvirki.

Rusl, eins og blautþurrkur, eyrnapinnar o.fl., getur skemmt virkni rotþróa/hreinsivirkja og því á ekkert að fara í salernið annað en þvag, saur og salernispappír.

Forðast skal að nota sterk hreinsiefni til þrifa því þau geta haft neikvæð áhrif á örveruvirkni rotþróa/hreinsivirkja. Best er að nota sem minnst af efnum eða nota þau sem eru umhverfisvottuð.

Lifrænn úrgangur úr kvörnum í eldhúsvöskum brotnar hægt niður og getur á stuttum tíma stíflað fráveitumannvirki. Slíkur búnaður hentar því alls ekki þar sem frárennsli er leitt í rotþró.

### **Heppilegar stærðir rotþróa**

3.000 l rotþró er lágmark við öll stakstæð hús sem reist eru umhverfis Þingvallavatn. Sú stærð er ekki of stór þó notkun sé stopul en nógu stór til að geta annað heilsársnotkun og/eða útleigu, miðað við að 1-5 einstaklingar dvelji að jafnaði í húsnæðinu og að ekki fleiri en 10 manns geti dvalið þar í skamman tíma í einu. Ef fleiri en 5 einstaklingar dvelja að jafnaði í húsnæðinu, þá þarf að skoða og meta hvert tilvik fyrir sig.

---

<sup>2</sup> Svartvatn er mikið mengað frárennsli frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum.

<sup>3</sup> Grávatn er lítið mengað frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum.